

MX-21

Bubbi & MX-21 - Skyttan -

Það var um sumarið 1986 sem Bubbi hóaði saman sveit manna. Hugmyndin var að hún yrði Bubba til aðstoðar við að kynna plöt Frelsi til sölu, sem hann hafði verið að vinna í Svíþjóð með aðstoð Christian Falk.

Sveitin var fyrst kynnt blaðamönnum 4. júlí, tæpum mánuði eftir að tvöfalda platan Blús fyrir Rikka komst í hendur almennings. Kynningin fór fram á sérstökum blaðamannafundi sem haldinn var á Hótel Borg þar sem Bubba var afhent gullplata fyrir 5000 seld eintök af Konuplötunni, en þeim áfanga hafði platan náð um vorið. Þá var og kynning á nýjustu afurðinni Blús fyrir Rikka. Við þetta tækifæri stilltu meðlimir ónefndu sveitarinnar sér upp fyrir myndatöku fyrir utan Hótel Borg og kom það fram í frétt að ekki væri komið nafn á sveitina. Það leið þó ekki að löngu þar til það var opinberað að sveitin kallaði sig MX-21 sem beina tilvísun í nafngift stríðstól stórveldanna gjarna fá.

Ekki var langur tími liðin frá kynningarfundinum þar til fyrstu mannbreytingarnar urðu á sveitinni og fyrirsögn Morgunblaðsins var Hljóm Sveit Bubba: Howser út Lárus inn. Með þessa nýju sveit og enn nýrri liðskipan mætti Bubbi í Þjórsárdal um verslunarmannahelgina þar sem útihátíðin Gaukurinn '86 var halinn fyrstu daga ágústmánaðar og þarna fór fram fyrsta stóra alvöru opinberun sveitarinnar sem þótti lofa góðu að sögn viðstaddra.

Í ágúst nánar tiltekið þann 18. var efnt til stórtónleika vegna 200 ára afmælis Reykjavíkurborgar og í stuttumáli má segja að Bubbi með MX-21 hafi komið séð og sigrað, því sveitin sló í gegn og gott betur. Framkoma sveitarinnar var það sem eftir sat í hu þeirra hundruða manna sem voru við Arnarhólinn þetta kvöld, líka þeirra sem sáu beina útsendingu frá tónleikunum í Ríkissjónvarpinu, þar sem margar af helstu sveitum landsins voru mættar. Upptökurnar frá þessum stórtónleikum gengu manna milli næstu árin og sögðu menn hana sýna einhverja bestu sviðsframkomu Bubba á ferlinum.

Áðurnefnd plata Frelsi til sölu var þó ekki alveg tilbúin því í september brá Bubbi sér í hljóðver og tók upp síðasta lagið fyrir plötuna Augun mín sem var jafnframt eina lagið sem hljóðritað var hérlendis.

4. október var efnt til tveggja stórtónleika í Austurbæbarbíói þar sem sveitin var í aðalhlutverki. Líkt og oft á tónleikum kom Bubbi fram einn með kassagítarinn, lék nokkur lög, sagði sögur og svo varð andartaks hlé. Þá stigu MX-21 meðlimir á sviðið og allt var keyrt í botn. Á þessum stórtónleikum sem kalla má útgáfutónleika plötunnar sannaðist viðstöddum vel hve vandaðir spilarar voru með Bubba á sviðinu og dómar voru flestir á þá leið að hér væri eitt best spilandi band sem starfað hefði með Bubba á ferlinum.

Fimmtudaginn 9. október auglýsti Hótel Borg Bubba og MX-21 þar sem sveitin ætlaði að kynna plötuna Frelsi til sölu. Það var svo dögum síðar eða 13 nóvember 1986 sem stóra stundin rann upp og platan Frelsi til sölu kom út. Það var samdóma álit gagnrýna að hljómur þessarar plötu væri einn sá besti sem heyrst hefði á íslenskri hljómplötu og væri þá sama hvar í heimi tónlistar væri le Haldnir voru blaðamannafundir þar sem útvarpsmönnum gafst kostu á að spyrja Bubba í þau út í verkið sem og hlustendum.

Bubbi stökk á milli hlutverka sem rokkarinn í framlínu MX-21 og trúbadorsins eins og ekkert væri. Til dæmis var MX-21 með unglingatónleika á skemmtistaðnum High Teck við Skemmuveg í Kópavogi 10. október og kvöldið eftir var trúbadorinn Bubbi mættur í Íslensku óperunni þar sem hann hitaði upp fyrir Joan Baez sem hingað var komin til tónleikahalds vegna fundahalda forseta stórveldanna, þeirra Gorbátjof og Ronalds Regan í Höfða.

Serbinn settist í efsta sæti yfir mestspiluðu lög allra útvarpsstöðva og platan sat í efsta sæti yfir mestseldu plöturnar næstu vikur. Verður toppstemming hjá Serbanum, Bubba og MX-21 frá kl. 20.30-24.30 auglýsti unglिंगastaðurinn Tónabær 5. desember þetta ár.

Í febrúar árið 1987 var stórsveitin The Smithereens hingað komin til að halda tvenna tónleika,. Fyrri tónleikarnir fóru fram miðvikudagskvöldið 3. febrúar þar sem Sykurmolarnir hituðu upp og kvöldið eftir var komið að Bubba og MX-21 að sjá um upphitunina fyrir stórstjörnum. Í sama mánuði frumsýndi Háskólabíó kvikmynd Friðriks Þórs Friðrikssonar Skyttarnar. Titillag myndarinnar Skyttan var flutt af Bubba og MX-21. Sérstakt myndband var unnið við lagið en sveitin sem slík var ekki að finna í mynd þar. MX-21 hélt áfram að koma fram og efndi til tónleika á Borginni 19. febrúar þar sem Rauðir fletir hituðu upp og þó kjaffullt væri út úr dyrum skemmtu menn sér konunglega. Í lok mánaðar kom svo út 12" plata með laginu Skyttan en efnið á b-hliðinni áttu Sykurmolarnir sem einnig komu við sögu hvað tónlist varðaði í áður nefndri kvikmynd.

Í júlí 1987 kom svo út fyrsta og eina eiginlega plata sveitarinnar. Þetta var tveggjalaga tólftommu plata sem dró heiti sitt að laginu á A-hlið plötunnar Skapar fegurðin hamingjuna, Búgí Vúgí - Elskhuginn var lagið á b-hliðinni. Almenn þóttu þessi lög ekki ná öðrum eða stærri hæðum en þeim að verð vitnisspurður um ágæti sveitarinnar og þá flottu spilamennsku sem hún hafði svo sannað á tónleikum. Þó verður að geta þess að við gerð plötunnar lagði ungur gítarleikari þeim lið. Sá var Guðmundur Pétursson hans hafði uppgötvast á Músiktilraunum snemma árs þar sem hann varð þeirrar þeirrar lukku aðnjótandi að spila með MXinu og vék Bubbi sæti á meðan svo ekkert skyggði á frábæra takta hins unga gítarleikara Bláa Blískúrsbandsins.

MX-21 starfaði fram eftir ári en var eiginlega lagt hljóðlega til hliðar þegar Bubbi fór að huga að næstu plötu sinni. Síðan þá hafa beðið þess að þessi stórkostlega rokksveit kæmi saman á ný og Skyttan, Serbinn og Augun mín fái að hljóma á tónleikum í sínum mögnuðu útsetningum sem sveitin gjarnan bar þær fram.

Og viti menn það gerast undur og stórmerki því á stórtónleikum í Laugardalshöllinni þann 6. júní 2006 var sveitin mætt á svið. Þá ekki á nokkurn hallað þegar sagt er að maður þessa kvölds að afmælisbarninu undanskyldu hafi verið gítarleikarinn Þorsteinn Magnússon. Lifandi goðsögn íslenskrar rokksögu var þarna mætt á svið eftir langa fjarveru og aðdáendur Bubba biðu þess eftirvæntingafullir að sjá og heyra. Þeir urðu ekki fyrir vonbrigðum; Þvílíkur snillingur sem þessi gítarleikari er. Við sem þarna vorum getum vart annað en sagt STEINII VIÐ VILJUM MEIRA!! Meira MX-21

MX-21: júní 1986 - júlí 1986

Bubbi Morthens: söngur

Þorsteinn Magnússon: gítar

Jakob Magnússon : bassi

Hjörtur Howser: hljómborð

Halldór K. Lárusson: trommur

(Nóta: Í júní 1986 bárust fyrstu fréttir af nýrri hljómsveit Bubba.

Í júlí urðu þær breytingar að Hjörtur Howser hætti og í hans stað kom Lárus Halldór Grímsson á hljómborð.)

MX-21: júlí 1986 - ársloka 1986

Bubbi Morthens: söngur

Þorsteinn Magnússon: gítar

Jakob Magnússon: bassi

Lárus Halldór Grímsson: hljómborð

Halldór K. Lárusson: trommur

(Nóta: Þessi liðskipan lék á afmælistónleikum Reykjavíkurborgar og tvennum tónleikum í Austurbæjarbíói, Því í ársbyrjun 1987 þá sveitin tók upp lagið Skyttunnar fyrir kvikmynd Friðriks Þórs lék Tómas M. Tómasson á hljómborð ásamt því að stjórna upptökum)

MX-21: febrúar 1987 - vors 1987

Bubbi Morthens: söngur

Þorsteinn Magnússon: gítar

Jakob Magnússon : bassi

Sigurður Kristinsson: hljómborð

Halldór K. Lárusson: trommur

(Nóta; Líklega kom Sigurður fyrst fram með MX-21 þegar sveitin hitaði upp á seinni tónleikum The Smithereens í Laugardalshöll febrúar 1987)

MX-21: maí 1987 - ársloka 1987

Bubbi Morthens: söngur

Bergþór Morthens: gítar

Sigurður Kristinsson: hljómborð

Þorleifur Guðjónsson: Bassi

Halldór K. Lárusson: Trommur

Nóta: Svona var sveitin skipuð sem lék á lokakvöldi Músiktilrauna í febrúar eða maí 1987 og sama liðskipan er sögð mynda sveitina á plötunni Skapar fegurðin hamingjuna en þar voru að auki þeim til aðstoðar Tómas Tómasson á hljómborð, Jens Hansson á saxafón, og Þorsteinn Magnússon á gítar og virðist hann hætta sem liðsmaður sveitarinnar

MX-21: 06.06.2006

Bubbi Morthens: söngur

Halldór K. Lárusson: trommur

Jakob Smári Magnússon: bassi

Jens Hansson: Saxófónn

Lárus H. Grímsson: hljómborð

Þorsteinn Magnússon: gítar

Samantekt, copyright: Bárður Örn Bárðarson